

Skýrsla stjórnar 2002.

Skaftfell er sjálfseignastofnun og ein af fjórum menningarmiðstöðvum á Austurlandi. Sérsvið miðstöðvarinnar er myndlist. Á jarðhæð er rekið Bistró, á miðhæðinni er bjartur og fagur sýningasalur og á efstu hæð hússins er vinnustofa og íbúð fyrir listamenn. Miðstöðin er ein framsæknasta listamiðstöð landsins að mati landsþekkt myndlistar-gagnrýnanda.

Í stjórn stofnunarinnar eru Ómar Bogason framkvæmdastjóri, Hjálmar H. Ragnars rektor LHÍ, Sigrún Ólafsdóttir hjúkrunarforstjóri, Þóra Guðmundsdóttir arkitekt og Gréta Garðarsdóttir bókari. Aðalheiður Borgþórsdóttir ferða- og menningarmálafulltrúi er forstöðumaður.

Sérstök sýningarstjórn ákveður og skipuleggur sýningarhald í húsinu, það eru eftirtaldir listamenn: Björn Roth, Bernd Koberling, Pétur Kristjánsson, Garðar Eymundsson og Inga Jónsdóttir. Dieter Roth Akadémían hefur aðsetur í húsinu sem skapað hefur afar mikilvæg tengsl á milli Skaftfells og listamanna víðsvegar um Evrópu.

Unnið er að rammamningi við Listaháskóla Íslands varðandi námskeið í Skaftfelli fyrir nemendur skólans. LHÍ fær afnot af öllu húsinu í tvær til þrjár vikur á ári. Útskrifanemendum er boðin þátttaka og koma þeir til Seyðisfjarðar ásamt kennara þar sem þau vinna að sýningu frá upphafi til enda með útgáfu ýmiskonar, t.d. katalóg, vefsíðu, veggspjaldi ofl. Nemendur vinna á verkstæðum bæjarins s.s. netaverkstæði, trésmíðaverkstæði og stálsmiðju. Námskeiðin hafa verið afar vinsæl og færri komist að en vilja. Stendur til að fjölga námskeiðunum þannig að bæði myndlistadeildin og hönnunardeildin komi með nemendur einu sinni á ári.

Viðburðadagatal 2002

Janúar - Sýningunni Fossar í Firði lýkur 13 janúar, frágangur og endursending verka Gestur í íbúð, Guðrún Hallfríður Bjarnadóttir – námskeiðshald um kertagerð og fyrirlestur um þjóðlegt handverk

Febrúar – starfsemi engin.

Mars – Nemendur úr Listaháskóla Íslands vinna í húsinu í tvær vikur, unnið var á verkstæðum bæjarins, farið í veiðiferð og náttúra Seyðisfjarðar og nágrennis skoðuð undir stjórn Björns Roth. Sýningin; „On the röt“ var opnuð 22. mars og var opin fram í maí.

Nemendur úr menntaskólanum á Egilsstöðum heimsóttu bæði nemendur og seinna sýninguna og fleiri sýningar. Bistróið opið yfir páskana.

Apríl : Endurbætur og undirbúningur fyrir sumarið.

Maí – Endurbætur og undirbúningur fyrir sumarið. Skrifstofa ferða- og menningarmála flytur í húsið. Dieter Roth Akadémían heldur aðalfund, 35 listamenn víðsvegar að sækja fundin, KK og Hörður Torfa halda tónleika.

Júni – Júlí Opnuð sýning á verkum listamannanna Georgs Guðna og Peter Frie sem er liður í listahátíðinni Á seyði.

Gestur í íbúð, Bjargey Ólafsdóttir – dvaldi í tvær vikur. Listamenn á listahátíðinni Á seyði dvelja í listamannaíbúð frá 17. Júní til ágústloka. Starfsmenn ráðnir í Bistró, þeir hafa umsjón með þrifum og yfirsetu sýninga. Bistróið er opið alla daga yfir sumartímenn. Boðið er upp á léttar veitingar, kaffi, öl og vín. Einnig býðst gestum að rýna í listaverkabækur, dagblöð og að fá afnot af tölvu/interneti sem er afar vinsælt.

Ágúst – Sýningin Ferðafuða –samsýningu 79 listamanna opnuð. Norskir dagar – dagskrá í aðalsal. Gaby Shaffner – storyteller heldur sögukvöld og dvelur í íbúð.

September – Sýningunni Ferðafuðu lýkur. Tallervo Kalleinen, Niina og Ulu Braun dvelja í listamannaíbúð, opna sýningu í lok september sem þau unnu á staðnum. Sýningastjórn hússins tekur að sér að skipuleggja samsýningu um 40 listamanna fyrir Þjóðahátíð Austfirðinga.

Október. Tallervo Kalleinen frumsýndi kvikmynd sýna „In the Middle of the movie“ sem hún vann með bæjarbúum. Tallervo fór inn á um 10 heimili í bænum og lék í kvikmynd sinni undir stjórn heimilisfólksins. Sýningu þeirra Ulu, Niinu og Tallervo lauk 20. október. Sýningin Hringsjá – samsýning 8 listamanna, opnuð 26. október.

Nóvember. Sýningunni Hringsjá lýkur 17. nóvember. Barbara Keipzing dvelur í listamannaíbúð. 18. nóvember tekur Kaldaljós ehf. Jarðhæð og íbúð á leigu og notar sem starfsmannabúðir fyrir aðstandendur kvikmyndarinnar. 30. Nóvember er haldið hið árlega rithöfundakvöld, rithöfundarnir Einar Kárason, Ari Trausti, Gerður Kristný og Árni Þórarinsson lesa upp úr verkum sýnum. KK fylgir hópnum og kynnur nýjan geisladisk. Sama dag er opnuð sýning á verkum listakonunnar Rúríar sem stendur yfir til 13. Janúar 2003. Í nóvember eru einnig ýmsir viðburðir í húsinu dagskrá í tilefni af Dögum myrkurs og tónleikar með Herði Torfasyni .

Desember. Kaldaljós leigir jarðhæð og íbúð fyrir starfsmannabúðir. Starfsemin í desember verður með hefðbundnum hætti. Sýningin opin daglega á milli kl. 14:00 – 18:00 og 21. desember verður jólakvöld unga fólksins, skipulögð dagskrá af ungmennum úr Menntaskólanum á Egilsstöðum. Þau munu koma fram með tónlist, ljóðalestur ofl.

Lista- og fræðimannsíbúð.

Íbúðin var í fyrsta sinn auglýst í nóvember 2001 og þá aðeins á netinu. Áhugi var talsverður og bærust alls um 12 umsóknir um dvöl, sex aðilar fengu úthlutað en aðeins þrír þeirra komu. Ákveðið hefur verið að taka upp staðfestingargjald til þess að koma í veg fyrir að slíkt hendi sig. Fjölmargir dvöldu í eina til tvær nætur og þá aðallega í tengslum við listviðburði og þá sérstaklega yfir sumarið. Voru það tónlistarmenn sem komu til þess að leika í Bláu Kirkjunni, listamenn sem leiðbeindu á LungA, listamaðurinn Georg Guðni með alla sína fjölskyldu, leikarar úr sýningunni „And Björk of course“, listamaðurinn Harald Oredam, próffessorar Dieter Roth akademíunnar sem reyndar voru svo margir að þeir fylltu nær allt gistirýmið í bænum Til úthlutunar voru mánuðirnir janúar – maí og september – desember.

Móttaka gesta.

Fjölmargir gestir heimsóttu menningarmiðstöðina árið 2002. Um 4500 - 5000 manns sóttu sýningar og einstaka viðburði í húsinu árið 2002. Listamenn sem dvelja á Skriðuklaustri heimsækja Skaftfell gjarnan og Menningarfulltrúi Austurlands var duglegur að koma með gesti. Móttökur voru nokkrar á vegum bæjarstjórnar og margir ferðahópar komu við. Má þar telja hópa á ferð hringinn í kringum landið, aðallega erlenda ferðamenn sem komu með leiðsögumanni. Eldri borgarar af Vestfjörðum um 60 talsins komu í Skaftfell og borðuðu þar súpu, skólahópar komu á sýningar, sýslumenn af öllu landinu héldu hóp fyrir um 30 manns. Af einstaka gestum má nefna Menntamálaráðherra Tómas Inga Olrigh, Samgönguráðherra Sturlu Böðvarsson, Vegamálastjóra Helga Hallgrímsson, listamennina Woody Vazulka og Harald Oderman sem reyndar dvaldi í listamannaíbúðinni í 3 sólarhringa. Markaðsstofan kom þrisvar sinnum með ferðaskrifstofufólk í Skaftfell, Athygli kom með starfsfólk sitt í kynnisferð, þeim var gefin bjór og snakk. Þetta voru í kringum 25 manns.

Á árinu hafa nokkrir tónlistarmenn haldið tónleika s.s. KK, Hörður Torfa, Ceilidh band Seyðisfjarðar og Sigmund Saether.

Bistró.

Bistróið er opið í tengslum við einstaka viðburði yfir vetrartímann. Frá júní fram í byrjun september var opið alla daga frá kl. 11:00 – 22:00. Ráðnir voru tveir starfsmenn í fullt starf og tveir í hlutastarf. Boðið var upp á kaffi, te,öl og vín, léttu rétti og súpur. Aðgangur að interneti er í boði fyrir gesti svo og listaverkabækur, blöð og tímarit.

Útgáfa.

Útgáfa var nánast engin vegna fjárskorts, þó voru gefin út veggspjöld í tilefni af sýningunum. Veggspjöldin eru númeruð og signeruð af listamönnum, þau eru til sölu. Aðstöðuleysi hefur þó hamlað því að hægt sé að hafa þau frammi.

Nokkrar mikilvægar staðreyndir.

Einn af virtustu listgagnrýnendum Morgunblaðsins; Halldór Björn Runólfsson sagði í blaðagrein á síðasta ári að Skaftfell væri ein framsæknasta listamiðstöð landsins, Ósk Vilhjálmsdóttir framkvæmdastjóri N'ylistasafnsins í Reykjavík nefndi Skaftfell sem eitt af því merkilegasta á listasviði ársins 2001 (einnig úr Morgunblaðinu). Listaháskólinn telur að hvergi annars staðar á landinu sé hægt að skapa það andrúmsloft fyrir listamenn sem Seyðisfjörður og Skaftfell geri. Tengslin við Dieter Roth Akademiuna skapi svo aftur á móti alþjóðleg tengsl sem eru Listaháskólanum afar mikilvæg. Nokkrir af þeim nemendum sem komið hafa til Seyðisfjarðar hafa til dæmis komist í nám hjá akademíunni, fengið að sýna með þeim ofl. Nokkrir af prófessorum akademíunnar eru að kenna við listaháskóla bæði hér heima og erlendis, enn aðrir voru samstarfsmenn og vinir Dieters Roth heitins. Þeir nemendur sem koma til Seyðisfjarðar á námskeiðin frá LHÍ eru oftast kröftugustu einstaklingarnir sem reikna má með að skili mikilvægum tengslum á milli staða og á milli listamanna. Mikill áhugi er á þessum námskeiðum og færri hafa komist að en vilja. Í Skaftfelli hafa listamenn eins og Olaf Christopher Jensen sýnt, en hann er mjög þekktur í Evrópu og stóru virtu galleríin í Evrópu slást um að fá hann, Georg Guðni fór beint úr Skaftfelli til þátttöku í Garnagie Art Award. Rúrí sem sýnir í húsinu á Aðventunni hefur verið valin til þess að sýna á Feneyja tvíæringnum fyrir Íslands hönd.